



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 11. júní 2025

Efni: Breyting á handbók leikja og tilmæli til aðildarfélaga

Á 79. ársþingi KSÍ voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem félögum var veitt heimild til að fjölga varamönnum úr sjö í níu í Bestu deild og aðalkeppni Mjólkurbikarsins. Þessi heimild hefur verið nýtt vel af félögunum til þessa en eins og oft þegar breytingar eru gerðar þá er erfitt að sjá fyrir allt sem þeim fylgir fyrr en þær koma til framkvæmdar. Á fundi stjórnar KSÍ þann 19. maí sl. var tekin fyrir tillaga dómaranefndar þess efnis að takmarka fjölda varamanna í upphitun á hverjum tíma. Tillaga dómaranefndar er fram kominn vegna þess að framangreind breyting hefur leitt til þess að stóran hluta leiks eru of margir einstaklingar staddir fjarri boðvangi og erfitt fyrir dómarateymið að hafa eftirlit með öllum þátttakendum leiksins.

Af þessum sökum lagði dómaranefnd KSÍ til að regluverk KSÍ yrði fært til samræmis við reglur UEFA í þessum efnum og fjöldi varamanna í upphitun á hverjum tíma yrði takmarkaður við fimm varamenn auk þjálfara. Þessa reglu má finna í öllum mótareglugerðum UEFA og lagði dómaranefnd til að hún yrði tekin upp hér á landi.

Stjórn KSÍ hefur samþykkt að gefa út tilmæli til félaga um að fjöldi varamanna í upphitun verði takmarkaður við fimm varamenn auk þjálfara hverju sinni og bætt framangreindri reglu við handbók leikja í kafla um leikvanga og upphitun leikmanna, sbr. bls. 10. Fyrirmælin eru almenn og taka til allra deilda og keppna.


Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingu í handbók leikja:

„Á meðan á leik stendur er varamönnum heimilt að hita upp á upphitunarsvæði sem dómari hefur staðfest. Í hvoru liði mega fimm varamenn hita upp á upphitunarsvæði hverju sinni ásamt einum þjálfara. Ef dómari telur þörf á að takmarka fjölda leikmanna frekar vegna plássleysis eða aðstöðu er honum heimilt að takmarka fjölda við þrjá leikmenn hverju sinni auk þjálfara.

Félög skulu gæta þess að unnt sé að aðgreina varamenn frá öðrum þátttakendum leiksins og dómari hefur heimild til að láta varamenn klæðast vestum ef þörf er á.“

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2912.

Virðingarfyllst,
f.h. KSÍ


Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.